

Skólaráð

Fundur mánudaginn 5. nóvember 2018

Fundur settur kl. 16.

Mætt voru: Guðrún María Brynjólfsdóttir og Klara Bjarnadóttir, fulltrúar foreldrafélagsins, Ingunn Halldórsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins. Sigurveig Öfundardóttir og Valdís Inga Kristinsdóttir fulltrúar kennara og Þórunn Jóhannsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna. Tinna Dögg Siggeirsdóttir og Jón Fannar Sigurðsson fulltrúar nemenda. Guðbjörg M. Sveinsdóttir skólastjóri og Guðlaug Erlendsdóttir aðstoðarskólastjóri er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Starfsáætlun skólaráðs og skipan þess
2. Starfsáætlun Grunnskólans
3. Skýrsla um innra mat í skólastarfi
4. Önnur mál

Guðbjörg bauð alla viðstadda velkomna á fyrsta fund Skólaráðs þessa skólaárs.

1. Farið var yfir skipan skólaráðs og starfsáætlun skólaársins.

Starfsáætlun Skólaráðs veturinn 2018-2019 er eftirfarandi:

Nóvember: starfsáætlun Skólaráðs og skipan þess. Starfsáætlun grunnskólans. Skýrsla um innra mat í skólastarfi.

Janúar: rekstraráætlun, foreldrafélag, samstarf heimila og skóla. Kynning á stöðu þróunarverkefna.

Mars. Húsnæðismál, aðstaða og aðbúnaður. Skólareglur. Skóladagatal næsta skólaárs.

Starfsmannamál.

Maí: starfsmannamál og skipulag næsta skólaárs, umfjöllun um skólanámskrá.

Endurmenntunaráætlun næsta skólaárs, sjálfsmatsskýrsla og þróunaráætlun.

Fulltrúar í Skólaráði eru skipaðir til tveggja ára.

Áréttað var að fundir Skólaráðs er vettvangur fyrir fulltrúa Skólaráðs til að koma með athugasemdir eða ábendingar um skólastarfið frá sínu baklandi.

2. Starfsáætlun

Skólanámskrá er í stöðugri endurskoðun skv fimm ára áætlun. Áfram er unnið með uppbyggingastefnuna og verður settur kraftur í hana í vetur. Uppbyggingateymi er starfandi innan skólans og mun það halda vinnunni á lofti í vetur.

Nöfn nýrra starfsmanna er tóku til starfa í haust voru kynnt. Eins og áður, var haldinn fundur með öllu nýju starfsfólki á fyrstu dögum skólaársins þar sem m.a. var farið yfir ýmislegt ganglegt um skólann og skólastarfið ásamt því að boðið var upp á námskeið í uppbyggingastefnunni.

Farið var yfir stundatöflur og helstu breytingar sem gerðar voru fyrir yfirstandandi skólaár.

Nokkur verkefnateymi eru starfandi innan skólans.

Uppbyggingateymi – fer inn á deildarfundum og er með námskeið/kynningar fyrir nýliða ásamt upprifjun fyrir aðra starfsmenn. Skóli á grænni grein og Byrjendalæsi eru önnu verkefnateymi sem starfa við Grunnskóla Grindavíkur.

3. Innra mat

Farið var yfir greinargerð um innra mat skólans. Farið var yfir umbóta- og þróunarstarf skólaársins 2017-2018 ásamt hvað kom út úr innra mati skólans í fyrra og þeim umbótaáætlunum sem bornar voru fram í kjölfar innra mats. Þessa greinargerð er að finna á heimasíðu skólans.

#### 4. Önnur mál

Komið var með ábendingu um að upplýsingar á heimasíðu skólans séu eingöngu á íslensku. Bent var á mikilvægi þess að foreldrar fái skýr skilboð.

Fundi slitið kl. 17:15

Guðlaug Erlendsdóttir